





Tólf brezkir listmálarar sýna að Kjarvalsstöðum



Kerry Kennedy



David Whitaker



Paul Hempton

Verk 12 brezkra listmálarara eru nú til sýnis í vestursal Kjarvalsstaða. Þetta er þrjúttugt fólk, eða liðlega það, og hefur gengið á lista-skóla.

Þau heita:

Colin Cina, Julian Cooper, Michael J. Crowther, Jennifer Durrant, Paul Hempton, Knighton Hosking, Kerry Kennedy, Barry J. Martin, Alan Miller, Alex Thomson, David Whitaker, Tony Wilson.

Samstarf Serpentine Gallery og listráðs

Það voru þeir Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur og framkvæmdastjóri listráðs Kjarvalsstaða, og Sue Grayson, framkvæmdastjóri Serpentine Gallery, sem völdu þessa listamenn, en Reykjavíkurborg borgar brúsan.

Aðalsteinn Ingólfsson lýsir tildrögum á þessa leið í sýningar-skrá:

„Á árunum 1972-74 var ég við nám í Lundunum og fylgdist þá náið með því sem var að gerast í brezkri myndlist, naut þess og reyndi að skoða það í þjóðfélagslegu og listsögulegu samhengi. Þar var um aubugan garð að gresja, en einna mesta ánægju hafði ég af þróun mála í brezkri höggmynda- og málara-list. Komst ég fljótt á þá skoðun að áhugamál ungra listmálarara í Bretlandi mætti sjá í hnotskurn á sýningum þeim sem sýningar-salur brezka listaráðuneytisins (Arts Council), Serpentine Gallery, stóð fyrir á ári hverju, en þar var lögð áhersla á að kynna unga og efnilega listamenn í mörgum greinum myndlistar.

Hlutbundin túlkun var ekki ofarlega í huga þeirra listmálarara sem þar sýndu heldur fjölluðu verk þeirra um togstreituna milli hins tvíviða og þríviða, ljóss og myrkurs, tilfinninga og rökvisi, — aldagömul vandamál að visu, en höndluð með sérlega brezkum skilningi á gildi ljóð-rænnar innlifunar”.

Án þess að ræða það frekar hér hvort sérstök ástæða var til þess fyrir Reykjavíkurborg að fjalla sérstaklega um togstreituna milli hins tvíviða og þríviða ljóss, þá er þetta ekki neitt sérlega spennandi sýning, og kemur ekki á óvart nema þeim sem ekki vissu að það eru mál-aðar myndir úti í Bretlandi.

Þær listastefnur sem þarna birtast, hafa nefnilega verið ríkjandi hér á landi hjá ákveðnum árgöngum myndlistar-manna, sem útskrifuðust úr Myndlista- og handíbaskólanum

hér, meðan Hörður Agústsson stjórnadi skólanum og veitti leiðsögn og forskriftir í nútíma-list.

Því er að visu hvernig haldið fram, að þarna eigi að vera þverskurður af brezkri málara-list, eins og hún er í dag hjá ungu fólki, heldur lýsir sýningin fyrst og fremst áhugamálum og smekk þeirra er listaverkin og listamennina völdu.

Nú, þrátt fyrir dálitil vonbrigði um föng þeirra Sue Grayson og Aðalsteins Ingólfssonar, að þau skuli hafa einskorðað sig svona við hæfna stefnu, þá er sýningin á Kjarvalsstöðum síður en svo nokkuð verri en við var að búast, og sumar myndirnar eru ljómandi skemmtilegar og vel gerðar. Einkum féllu undirrituðum verk þeirra Kerry Kennedy, Alan Miller og Paul

ingunni, segir í fróðlegri grein m.a. þetta:

„Nýlist í Bretlandi er orðin mjög kreddubundin, Sú stað-

reynd er tengd því endurskipu-lagi á listaskólum í Bretlandi sem komið hefur verið í kring á síðustu árum og þær stofnanir hafa ávallt áhrif á yfirbragð listar á hverjum tíma. Eftir stúdentaóeirðirnar 1968, hafa brezkir listaskólar verið neyddir til að „standa skil á starfi sínu” og „falla inn í munstur æðri menntunar”. Áherslan á gagnmenntun, háskólakröfur og aukánámsgreinar innan lista-skóla hefur varnað mörgum skólanum að kenna málun og skulptúr til hlitar”.

Og enn fremur:

„Í öllum þessum tólf tilfellum sjáum við sterka persónuleika að verki. Engin tilraun er gerð



fólk í listum

Hempton veli geð. Þau eru auðskilin og handbragðið er ósvikið. Verk Davids Whitaker eru líka áhrifamikil, en jafnvel reyndir sjómenn verða að gæta sín að horfast ekki of lengi í augu við þau.

Verk hins þrjúttuga Julians Cooper eru unnin af sérstakri alúð, en án augljósrar stefnu.


Markmið og leiðir

Einn þeirra er á verk á sýn-

til þess að setja málverkinu skorður sem ráðast af öðru en því sem verkinu viðkemur. Eg álit að aðeins með því að „skapa” og vera meðvitandi um það handverk sem því fylgir, fæðist persónuleg tjáning. Aðeins á þann hátt getur listamaðurinn opinberað hlutlaust vitneskju sína um hið óvissa eðli sjálfstjáníningar”.

Sýningunni lýkur 5. júní næstkomandi.

Jónas Guðmundsson.



Alex Thomson

STJÖRNULIÐ BOBBY CHARLTON gegn Úrvalsliði K.S.Í.

á Laugardalsvelli miðvikudaginn 1. júní kl. 20.30.

Bobby Charlton, Cackie Charlton, Alex Stephney, Jim Callaghan, Terry Cooper, Allan Ball, Brian Kidd, Tommy Smith, Peter Lorrimer, Ralph Coates, Howard Kendall o.fl.



Bobby Charlton

Einstakt tækifæri til að sjá þessa heimsfrægu knattspyrnumenn leika saman í liði.

Forsala við Útvegsbankann í dag fimmtudag, föstudag 27. og þriðjudag 31. maí kl. 13-18.

Tryggið ykkur miða í tíma. Verð aðgöngu-miða: Stúka kr. 1000, stæði kr. 800, börn kr. 300 K.R.R.